



SVEITARFÉLAGIÐ VOGAR

AÐALSKIPULAG 2020-2040

FORSENDUR - UMHVERFISSKÝRSLA

TILLAGA - 18. NÓVEMBER 2021



1	Forsendur.....	3
2	Umhverfi og náttúrufer.....	3
2.1	Landslag og staðhættir	3
2.2	Jarðfræði.....	4
2.2.1	Eldvirkni.....	4
2.2.2	Jarðhiti.....	5
2.3	Lífriki	5
2.3.1	Gróðurfar.....	5
2.3.2	Fuglalíf	6
2.3.3	Fjörur	6
2.4	Veðurfar.....	6
2.5	Jarðskjálftar	7
2.6	Minjar	8
3	Samfélag.....	9
3.1	Saga byggðar.....	9
3.2	Íbúar og íbúasvæði	9
3.2.1	Íbúapróun	9
3.2.2	Spá um íbúafjölda.....	10
3.2.3	Aldursskipting.....	12
3.2.4	Íbúðarsvæði – Yfirbragð og þéttleiki	13
3.3	Samfélag	13
3.3.1	Samfélagsþjónusta	13
3.3.2	Önnur þjónusta	14
3.3.3	Atvinnumál	14
3.3.4	Skólar.....	15
3.3.5	Félagsmiðstöð	15
3.3.6	Félagsleg þjónusta.....	15
3.3.7	Heilbrigðismál.....	16
3.3.8	Kirkja – kirkjugarður	16
3.3.9	Íþrótt- og félagastarfsemi.....	16
3.4	Skipulagi frestað	16
4	Umhverfisskýrsla.....	18
4.1	Matsferli	18



4.2. Áhrifapættir	18
4.3. Umhverfisviðmið	19
4.4. Umhverfispættir	20
4.5 Mat á umhverfispáttum.....	21
4.6 Greining umhverfisáhrifa.....	21
4.2 Umhverfismat.....	21
4.2.1 Ný íbúðarsvæði í og við þéttbýlið í Vogum	21
4.2.2 Hraðlest meðfram Reykjanesbraut	24
4.2.3 Göngu- og hjólastígur í gegnum sveitarfélagið	25
4.2.4 Hverfisvernd á ströndin frá Vogum að landamörkum Hafnarfjarðar	27
4.2.5 Háspennulínan Suðurnesjalína 2 innan sveitarfélagsins.....	29
4.3 Samlegðaráhrif, samantekt og niðurstaða	32
4.4 Vöktunaráætlun.....	32
4.5 Matsskyldar framkvæmdir	32



1 Forsendur

Í þessum forsenduhluta Aðalskipulags Sveitarfélagsins Voga 2020-2040 er fjallað um staðhætti í sveitarfélaginu; umhverfi og náttúrufar, samfélag og fleiri þætti.

2 Umhverfi og náttúrufar

2.1 Landslag og staðhættir

Sveitarfélagið Vogar er um 165 km² að stærð. Alls er strönd sveitarfélagsins um 15 km löng, frá Hvassahrauni vestur fyrir Vogastapa. Frá ströndinni nær sveitarfélagið um það bil 10 km inn til landsins. Aðliggjandi sveitarfélög eru Hafnarfjörður að austanverðu, Grindavík að sunnanverðu og Reykjanesbær að vestanverðu.

Byggðin á Vatnsleysuströnd er eingöngu við ströndina. Byggðin var að mestu í hverfum eða þyrpingum, þar sem eru bestu lendingarskilyrðin. Eina þéttbýlið í hreppnum í dag er Vogar, en nokkur íbúðarbyggð er við Brunnastaði. Uppfrá ströndinni tekur við hraun þakið mosapembu, Strandarheiði og Vogaheiði þar sem engin byggð er.

Reykjanesbraut liggur um Strandarheiði og Vogastapa. Þjóðvegurinn liggur sunnan við byggðina í Vogum. Þó er aðeins rúmlega 1 km frá Reykjanesbraut til þéttbýlisins í Vogum, en frá Vogum eru 22 km til Keflavíkur og til Reykjavíkur eru um 34 km.



Mynd 1. Sveitarfélagið Vogar (rauðmerkt). Wikipedia.is



2.2 Jarðfræði

Jarðfræði Sveitarfélagsins Voga samanstendur fyrst og fremst af dyngjuhraunum sem runnu við lok ísaldar fyrir um 10.000 árum, en þau eru ýmist úr basalti eða andesíti. Hraunin eru yfirleitt slétt og er yfirborðið reipótt og þægilegt yfirferðar (helluhraun). Dyngjan sem hraunið í sveitarfélaginu á upptök sín í er rétt norðan Fagradalsfjalls. Hraunskjöldurinn sem dyngjuhraunið myndar heitir Þráinsskjöldur, nær hann frá Vogastapa til Kúagerðis, eða um alla Vatnsleysuströndina.

Vestast í hreppnum við ströndina eru grágrýtishraun frá síðasta jökulskeiði. Þar er m.a. grágrýtisstapinn Vogastapi.

Yngsta hraunið í landi sveitarfélagsins er Arnarseturshraun eða hraunið úr Gíghæð, rann árið 1226. Það er yngst á Reykjanesskaga ásamt hraunum út á Reykjanesi. Arnarseturshraun teygir sig rétt inn land sveitarfélagsins og endar í Snorrastaðatjörnum, sem einnig eru nefndar Vatnsgjár, sbr. landamerkjabréf frá 1889.

Næst yngst er Afstapahraun sem rann árið 1151. Eldborg er önnur uppspretta þess, hin er inn við Selsvelli. Tórnar í því eru merkilegar. Ögmundarhraun (sunnan á skaganum) og Kapelluhraun (við Hafnarfjörð) eru jafngömul Afstapahrauni.

Fjallið Keilir (379 m y.s.) er í Sveitarfélaginu Vogum, en það er úr móbergi, myndað við gos undir jökli á ísöld.

Við ströndina gengur hraunið yfirleitt í sjó fram og myndar hraunfjörur. Hraunkanturinn er spölkorn út frá ströndinni enda var sjávarstaða lægri þegar hraunið rann. Með ströndinni er ræma, þar sem öll byggð er, þar sem set og önnur laus jarðlög eru áberandi á yfirborðinu, en þó er allsstaðar grunnt niður á hraun.

Aðeins einn lækur er í sveitarfélaginu, Sogalækur. Hann kemur úr háhitasvæðinu Sogum við Grænudyngju og hríslast um Höskuldarvelli, stærsta sléttlendið í Sveitarfélaginu. Sogalækurinn hefur myndað Höskuldarvelli með framburði sínum, leir og sandi úr Sogunum, og er enn að.

2.2.1 Eldvirkni

Þar sem um Reykjanesskaga liggur sprungubelti og gosbelti, þá er hættu á náttúruhamförum fyrir hendi, bæði af völdum jarðskjálfta og eldvirkni.

Jarðfræðilegir atburðir eins og eldgos eru í eðli sínu sjaldgæfir atburðir en langtímatíðni eldgosa á Íslandi er um eitt gos á 5 ára fresti en á síðustu 113 árum er tíðnin eitt gos á 2,5 ára fresti. Eldgos eru svæðisbundin fyrirbæri og því er ljóst að tíðni eldgosa er breytileg á milli svæða. Á síðustu 35 árum hefur gosið 6 sinnum undir norðvestanverðum Vatnajökli en á sama tíma hefur orðið aðeins eitt gos á öllum öðrum eldivikum svæðum og ekkert gos á Reykjanesskaga. Ef eldvirkni ef aftur á móti skoðuð s.l. 7 þúsund ár þá benda gögn til þess að eldgos afmarkist við ákveðin gosskeið sem eru um 300-400 ára löng og aðskilin af 600-1200 ára löngum goslausum tímabilum.

Reykjanesgosbeltið er sniðreksbelti, sem er hvortveggja í senn þverbrotabelti og gliðnunarbelti. Þverbrotabeltið lýsir sér í sprungum með norður-suður stefnu. Gliðnunarbeltin hafa stefnu



suðvestur – norðaustur sem er auðþekkjanleg á loftmyndum út frá stefnu móbergsfjallagarða, gígaraða og sprungusveima.

Þrjú eldstöðvakerfi eru á Reykjanesi og nefnast þau Reykjanes, Krýsuvík og Brennisteinsfjöl en flóknast er Reykjaneskerfið og af þeim sökum stundum skipt upp í undirkerfin; Reykjanes, Eldvörp-Svartsengi og Fagradalsfjall.

Gosskeið á Reykjaneskaga skiptast upp í gosvirknitímabil, þar sem einstök gosskeið sem hafa staðið yfir í 400 til 500 ár. Gosskeiðin eru aðskilin af 600-1200 ára löngum goslausum tímabilum. Þrjú slík gosskeið hafa verið á Reykjaneskaga á síðustu 3500 árum. Eldvirkni á síðasta gosskeiði var ekki einskorðuð við eitt eldstöðvakerfi, heldur færðist virknin frá einu kerfi til annars á 30-150 ára millibili og náði til allra kerfanna áður en gosskeiðinu lauk. Eldvirkni þess einkenndist af sprungugosum þar sem gaus sprungubútum sem liggja með mislöngu millibili á sömu reininni. Þessi gossaga gefur góða mynd af dæmigerðum gosum í eldstöðvakerfum Reykjaneskaga og hefur því raunhæft spágildi/-vægi fyrir eldgos framtíðarinnar.

Vogar á Vatnsleysuströnd eru á eldvirku svæði eins og önnur byggð á Suðurnesjum.

2.2.2 Jarðhiti

Nokkur háhitasvæði er á Suðurnesjum, og er eitt þeirra við Trölladyngju, á sveitarfélagamörkum Voga og Grindavíkur. Trölladyngjussvæði er vestan við Sveifluháls og liggur að Krýsuvíkursvæði. Ummerki eru sumstaðar á svæðinu um að jarðhiti hafi verið til staðar þar í mjög langan tíma. Þar er einnig að finna ummerki um nýlega aukningu á jarðhitavirkni á yfirborði. Lághitasvæði eru oft í jöðrum háhitasvæða, þannig er nánast allur hreppurinn á lághitasvæði.

Íbúar Voga njóta þó góðs af háhita, þar sem þeir fá vatn frá Hitaveitu Suðurnesja í Svartsengi.

Í sveitarfélaginu er mikið grunnvatn eins og annarsstaðar á Suðurnesjum, en hin ungu jarðlög á Reykjanesi eru margsprungin og gropin og safna því úrkomuvatni mjög vel í sig.

2.3 Lífríki

2.3.1 Gróðurfar

Mosaþemba er algengasta gróðurlendi í sveitarfélaginu. Þrátt fyrir að landið er yfirleitt vel klætt gróðri, þá er það engu síður rýrt til beitar.

Með ströndinni í sveitarfélaginu, þar sem öll byggð sveitarfélagsins er, er ýmist mólendi eða graslendi, auk ræktaðs lands. Við ströndina norðan þéttbýlisins í Vogum er mosaþemba með lyngi algengasta gróðurlendið

Mjög víða í sveitarfélaginu eru moldarflög til vitnis um hve gróðri hefur hnignað. Líklega er landið víðast að gróa upp hægt og rólega vegna friðunar og hagstæðs loftslags hin síðari ár.



2.3.2 Fuglalíf

Eitt einkenni Voga og Vatnsleysustrandar er fjölbreytt fuglalíf og sérstæð náttúra. Fuglalíf er allmikið í Vogum og á Vatnsleysuströnd. Kríuvarp er víða í sveitarfélaginu þó ekki sé það mikið í samanburði við stærstu varpsvæðin á Reykjaneskaganum.

Strandlengjan frá Kálfatjörn að Vogastapa er mjög áhugaverð fyrir fuglalíf að vetrarlagi. Mikið útfiri er þar og þangfjörur með lónum og pollum. Þarna er mikið af æðarfugli, stökköndum og fleiri andategundum. Lítið er af vaðfuglum en þó ber nokkuð á stelkum. Við Vogastapa eru brattar og brimasamar fjörur. Þar er eina fuglabjargið í hreppnum en þar er fýlabyggð.

Nokkuð mikið er um farfugla og fargesti sem stoppa í fjörum vor og haust.

2.3.3 Fjörur

Í fjörum á Vatnsleysuströnd finnast smáskikar með sjávarfitjum, en sjávarfitjar eru sjaldgæfar hérlandis.

Hraunfjörur eru á Vatnsleysuströnd þar sem hraun hefur runnið út í sjó. Landslag í fjörunni er mjög fjölbreytt og lífríkið að sama skapi fjölbreytt og auðugt. Víða er að finna á svæðinu polla eða smátjarnir ofan fjöru, sem eru með fersku eða ísöltu vatni. Sjávarfalla gætir í sumum þessum tjörnum og eru þær því með sérstæðu lífríki.


2.4 Veðurfar

Ársmeðalhitinn í Vogum (mælistöð á Reykjanesbraut) er tiltölulega hár ef miðað er við önnur byggðalög í landinu, eða 4,9 gráður samkvæmt meðaltali fyrir árin 1996-2019. Árssveifla hitans er tiltölulega lítil eða um 10-12 gráður (1961-1990), enda gætir hafrænna áhrifa verulega í Vogum. Hafræn áhrif í veðurfari í Vogum koma einnig fram í því að hlákur eru mjög tíðar að vetrarlagi.

Nokkuð úrkomusamt er á Reykjanesinu og ársúrcoma er að meðaltali um 1000-1200 mm ef miðað er við meðaltöl fyrir árin 1971-2000¹.

¹ www.vedur.is






Mynd 2. Vindrós fyrir Reykjanesbraut. Veðurstofa Íslands.

Ríkjandi vindáttir eru suðaustan, norðnorðaustan og suðvestan. Mesti vindhraði kemur með suðaustan áttinni.

2.5 Jarðskjálftar

Landinu hefur verið skipt niður í sex hönnunarhraðasvæði, sbr. kort Björns Inga Sveinssonar og Páls Halldórssonar 2009. Kortið sýnir lárétta hönnunarhröðun miðað við 10% líkur á 50 ára tímabili. Við hönnun á mannvirkjum er notast við hönnunarhröðun hvers svæðis. Norðurhluti Sveitarfélagsins Voga heyrir til þess álagssvæðis þar sem hröðunin er 0,15 g, þ.e. 15% af þyngdarhröðuninni en suðurhluti sveitarfélagsins heyrir til þess álagssvæðis þar sem hröðunin er 0,20 g, þ.e. 20% af þyngdarhröðuninni.



Mynd 3. Skipting Íslands í hönnunarhröðunarsvæði m.v. 500 ára endurkomutíma. Björn Ingi Sveinsson og Páll Halldórsson 2009.

2.6 Minjar

Aðalskráning fornleifa hófst árið 2007 fyrir allt sveitarfélagið, en um var að ræða mjög metnaðarfullt verkefni. Fornleifaskráningin var unnin í sjö áföngum í þremur áfangaskýrslum og lauk skráningunni árið 2016. Skráningarnar voru unnar af Fornleifastofnun Íslands og eru þær settar fram í þremur áfangaskýrslum². Skráðar minjar í Sveitarfélaginu Vogum skv. aðalskráningu eru 1.506 fornleifar. Nánari upplýsingar má finna í áfangaskýrslunum og í forsendukafla greinargerðar aðalskipulags. Í greinargerð með stefnumörkun er fjallað um hvernig tekið er tillit til minjastaða í aðalskipulagi.

² Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Eva Kristín Dal, Kristborg Þórsdóttir, Sólveig Guðmundsdóttir Beck, Sædís Gunnarsdóttir og Þóra Pétursdóttir. Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum. Áfangaskýrsla I. Fornleifastofnun Íslands 2011. FS460-07251.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og, Kristborg Þórsdóttir. Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum. Áfangaskýrsla II. Fornleifastofnun Íslands 2014. FS527-07252.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Sædís Gunnarsdóttir og Þóra Pétursdóttir. Aðalskráning fornleifa í Sveitarfélaginu Vogum. Áfangaskýrsla III. Fornleifastofnun Íslands 2016. FS596-07253.

3 Samfélag

3.1 Saga byggðar

Byggðin á Vatnsleysuströnd er á mjóu svæði við ströndina, að mestu í hverfum sem mynduðust við bestu lendingarnar. Hverfin eru eftirtalin, frá austri: Hvassahraun og byggðin við Vatnsleysuvík, Kálfatjarnarhverfi, Brunnastaðahverfi og vestast þéttbýlið Vogar. Á Vatnsleysuströnd var jafnan mikil útgerð á öldum áður og margir gildir útvegsbændur. Einkum var útgerðin umfangsmikil á síðustu öld. Á þeim tíma kom fjöldi útróðrarmanna úr fjarlægum sýslum til róðra á Vatnsleysuströnd. Um 1920 voru trillubátar gerðir út frá nær hverjum bæ, eins og títt var um áraskipin fyrrum.

Um 1940 komu til sögunnar stærri vélbátar, 25-40 lestir að stærð. Við það fluttist mest öll útgerð í Voga, en slíkir bátar urðu ekki gerðir út frá öðrum stöðum á Ströndinni.

Í fasteignamatinu 1932 eru talin 52 býli á Vatnsleysuströnd en nú eru flestir íbúarnir búsettir í Vogum.

Þéttbýlið í Vogum er eins og áður sagði vestasta hverfið í sveitarfélaginu. Fyrrum hétu Vogar Kvíguvogar, en það nafn er nú með öllu aflagt. Í Landnámabók segir frá Eyvindi, frænda Steinunnar gömlu, en honum gaf hún land milli Kvíguvogabjargs (Vogastapa) og Hvassahrauns og bjó hann í Kvíguvogum, en Hrollleifur Einarsson í Heiðarbæ í Þingvallasveit skoraði á hann til landa og fór svo að þeir höfðu landaskipti.

Í Vogum var hálfkirkja að fornu eins og á Vatnsleysu en höfuðkirkja byggðarinnar hefur ávallt verið á Kálfatjörn. Mest jörð í Vogunum og hin upphaflega heimajörð sem mörg afbýli og útkot voru síðar byggð úr, var Stóru-Vogar. Þar fæddist Páll Eggert Ólason (1883-1949) prófessor. Páll er einn mikilvirkasti sagnfræðingur Íslands fyrr og síðar og liggur eftir hann margt merkra rita.

Um miðja 19. öld fóru verslanir að senda fisktökuskip á Vogavík, en þar var reist fisktökuhús á hólma við sunnanverða víkina og á Bieringstanga. Þar stofnuðu bændur á Vatnsleysuströnd verslunarfélag ásamt bændum á Álfanesi. Meðan það starfaði komu erlend skip á Vogavík og tóku þar saltfisk. Árið 1893 var Vogavík löggilt sem verslunarhöfn. Árið 1930 hófst þar útgerð tveggja vélbáta, sem voru í eigu hreppsþúa. Gerð var stöplabryggja og fiskhús reist. Árið 1942 var reist hraðfrystihús í Vogum og skömmu síðar hófst þar hafnargerð. Eftir það má segja að eiginleg þéttbýlismyndun hafi hafist í Vogum.

3.2 Íbúar og íbúasvæði

3.2.1 Íbúaþróun


Árið 1901 bjuggu 445 manns í Sveitarfélaginu Vogum. Á næstu áratugum fækkar í sveitarfélaginu þar til árið 1940 að íbúar voru aðeins 254 talsins. Frá þessum tíma fer íbúum aftur að fjölga fremur hægt fram til 1970 en þá eru íbúar sveitarfélagsins um 380. Næstu árin er fjölgunin nokkuð hraðari eða um 3% árlega fram til um 1985, en það ár bjuggu um 650 manns í hreppnum. Næstu 10 árin þar á eftir var ýmist fjölgun eða fækkun í sveitarfélaginu en árið 1997 var íbúafjöldinn kominn í 709. Frá þeim tíma hefur íbúum sveitarfélagsins fjölgað um rúmlega 70% og voru 1.231 þann 1. janúar 2008.



Þá verður fækkun á hverju ári til og með ársins 2013 þegar íbúar eru 1.105. Næstu 3 árin sveiflast fjöldinn en hefur vaxið á árunum 2017-2021 og var íbúafjöldinn 1.331 þann 1. janúar 2021. Fjölgunin hefur verið mismikil á milli ára, allt frá því að vera -3,9% (2011) í 9,7% (2008). Meðalfjölgun s.l. 20 ára er um 2,8% á ári.

Í takt við það sem hefur gerst almennt á Íslandi undanfarna áratugi hefur íbúafjölgunin verið í þéttbýliskjarna sveitarfélagsins. Íbúatala í þéttbýlinu Vogum hefur aukist úr tæplega 100 í upphafi seinni heimstyrjaldarinnar í 626 árið 1997 og 1.251 í ársbyrjun 2021. Hlutfall þéttbýlisins Voga í íbúafjölda í sveitarfélaginu jókst úr 30% í rúm 94% á þessu tímabili.

Þann 1. janúar 2021 bjuggu 80 einstaklingar í dreifbýli Sveitarfélagsins Voga.




Mynd 4. Mannfjöldapróun í Sveitarfélaginu Vogum 1998-2021. Hagstofan.is

3.2.2 Spá um íbúafjölda


Á mynd 5 er spá um íbúafjölda til ársins 2040. Miðað er við 1. janúar ár hvert, fram til 2020 eru rauntölur en frá og með 2021 til 2040 eru spátölur. Spátölurnar er framreiknað meðaltal síðastliðinna 20 ára, það er 2000-2020, en íbúum fjölgaði að meðaltali um 2,8%. Lágspá er 1% lægra eða 1,8% og háspá 1% hærra eða 3,8%. Ef miðað er við miðspá eða árlega fjölgun uppá 2,8% má gera ráð fyrir að íbúar sveitarfélagsins verði um 2.300 árið 2040.

Mikil óvissa er í slíkum útreikningum, sér í lagi fyrir fámenn sveitarfélög þar sem tölurnar eru lágar og margir þættir sem hafa áhrif á þróunina, s.s. búferlaflutningar sem oft tengjast atvinnuástandi svæðisins.



Mynd 5. Spá um íbúafjölda til ársins 2040 út frá meðaltali síðustu 20 ára. Hagstofan.is

Ef skoðuð er spá Byggðastofnunar fyrir svæðið má sjá að lágspáin er nálægt miðgildi þeirrar spár en mannfjöldalíkan Byggðastofnunar er slembilíkan og notar frjósemis- og dánarhlutföll ásamt búferlaflutningum fyrir inntaksgögn sem öll eru fengin frá Hagstofu Íslands. Þetta líkan notast við hlutlægar aðferðir og byggir eingöngu á sögulegum gögnum, þ.e. engar forsendur eru fyrirfram gefnar og hvergi er notast við sérfræðiálit. Mannfjöldalíkan Byggðastofnunar byggir því á því að fram haldi sem horfir. Niðurstöður mannfjöldaspárinnar eru settar fram sem meðaltal og 80% spábil 10.000 slembiúrtaka mannfjöldalíkansins og skalað við miðspá Hagstofu Íslands.




Mynd 6. Spá um íbúafjölda samkvæmt reiknilíkani Byggðastofnunar.



3.2.3 Aldursskipting


Börnum á leik- og grunnskólaaldri (0-15 ára) fjölgaði flest árin frá 1998 til 2009, árið 1998 voru þau 215 en hafði fjölgað í 355 árið 2009. Frá árinu 2010 fer að fækka í þessum aldurshópi og þann 1. janúar 2021 eru börn á leik- og grunnskólaaldri (0-15 ára) 252.

Frá aldamótum til ársins 2016 fjölgaði jafnt og þétt í hópi eldri borgara (67+) eða úr 53 í 103. Árin 2017-2019 verður fækkun en fjölgar aftur árin 2020 og 2021 en 1. janúar árið 2021 voru eldri borgarar alls 122. Á landsvísu hefur aðeins verið fjölgun í hópi eldri borgara. Þróunin í Sveitarfélaginu Vogum er einnig fjölgun en smá sveiflur í fjölda koma frekar í ljós í litlu samfélagi. Má gera ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram á skipulagstímabilinu.



Mynd 7. Spá um aldursdreifingu og kynjaskiptingu samkvæmt spá Byggðastofnunar

Síðustu tvo áratugi hafa karlmenn alltaf verið fleiri en konur í sveitarfélaginu, voru 382 þann 1. janúar 1998 en 734 þann 1. janúar 2021. Á sama tíma var fjöldi kvenna 334 annars vegar og svo 597 þann 1. janúar 2021. Á árunum 2004 og 2015 dró saman með kynjunum en bilið eykst aftur og þá sérstaklega á árunum 2008-2009 og svo aftur 2018-2021 þegar konum fækkar en körlum fjölgar.



Mynd 8. Fjöldi karla og kvenna í Sveitarfélaginu Vogum 1998-2021. Hagstofan.is

3.2.4 Íbúðarsvæði – Yfirbragð og þéttleiki

Fram undir lok tíunda áratugar síðustu aldar var byggð í þéttbýlinu Vogum að mestu innan svæðis sem afmarkast af Hafnargötu, Stapavegi og Suðurgötu. Um aldamótin var sett af stað áttak í að fjölga íbúum sveitarfélagsins og í kjölfarið voru skipulögð íbúðarsvæði norðan Hafnargötu, sunnan Suðurgötu og austan Stapavegar, auk þess sem byggð var þétt innan þéttbýlisins.

Einkenni byggðar fram undir s.l. aldamót var tiltölulega þétt einbýlishúsabyggð. Undanfarin ár hefur hlutfall par- og raðhúsa vaxið auk þess sem þrjú lítil fjölbýlishús hafa risið nýlega. Eftir sem áður er byggð í Vogum fremur þétt en lágreist, meðalþéttleiki byggðar er um 12-13 íbúðir pr. ha en byggð íbúðarsvæði eru um 34 ha.

3.3 Samfélag

3.3.1 Samfélagsþjónusta

Meðal samfélagsþjónustu í Sveitarfélaginu Vogum er:

- Kirkja, guðsþjónustur, kirkjukór og barnastarf
- Öldrunarþjónusta Sveitarfélagið starfrækir félagsstarf fyrir eldri borgara
- Heilsugæslusel, boðið upp á þjónustu hálfan dag í viku
- Bókasafn Lestrarfélagið Baldur, sem jafnframt er skólabókasafn
- Íslandspóstur sér um póstdreifingu í sveitarfélaginu
- Í samstarfi við Lögregluna á Suðurnesjum er starfandi hverfislögregluþjónn í Vogum með aðsetur í félagsmiðstöðinni
- Ýmis frjáls félagasamtök

Sveitarfélagið Vogar er aðili að eftirtöldum samstarfsverkefnum við önnur sveitarfélög á Suðurnesjum:

- Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja
- Heilbrigðisstofnun Suðurnesja
- Almannavarnir Suðurnesja (utan Grindavíkur)
- Brunavarnir Suðurnesja
- Fjölbautarskóli Suðurnesja
- Sorpeyðingarstöð Suðurnesja
- Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum°
- Atvinnuþróunarfélag Suðurnesja – Heklan
- Reykjanesfólkvangur
- Reykjanes Unesco Global Geopark

Auk þess á sveitarfélagið hlut í Eignarhaldsfélagi Suðurnesja hf., Bláa Lóninu ehf. og Landskerfi Bókasafna hf.

3.3.2 Önnur þjónusta

Sveitarfélögin á Suðurnesjum reka sameiginlega sorpeyðingarstöð. Sorpeyðingarstöð Suðurnesja s.f. (S.S.) er sameign sveitarfélagana Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar, Grindavíkurbæjar og Sveitarfélagsins Voga. Sveitarfélögin eiga og reka saman móttöku- flokkunar- og eyðingarstöðina Kólku í Helguvík. S.S. annast þjónustu á sviði sorphirðu og móttöku úrgangs í sveitarfélögunum auk annarra verkefna sem sveitarfélögin kunna að fela félaginu, á sviði úrgangs og endurvinnslumála. Úrgangur frá heimilum er flokkaður og endurnýttur eins og kostur er.

Kalka sorpeyðingarstöð sf. opnaði 1. apríl 2004 en þar fer fram móttaka á sorpi frá sveitarfélögunum og fyrirtækjum á starfsvæði stöðvarinnar samkvæmt verðskrá. Kalka rekur einnig gámasvæði í Vogum, þar sem íbúar sveitarfélagsins geta komið með úrgang frá heimilum til endurvinnslu og eyðingar samkvæmt gjaldskrá.

Kalka getur brennt allt að 12.300 tonnum úrgangs á ári og er með mjög fullkomin hreinsunarbúnað til að halda útblæstri frá stöðinni í algjöru lágmarki. Varmaorkan sem myndast við brennsluna er nýtt til að hita upp hús og plön Kólku.

3.3.3 Atvinnumál

Margir íbúa í Vogum vinna á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ, þar sem vegalengdir eru ekki miklar til þessara staða. Sveitarfélagið er einn af stærstu vinnuveitendunum í sveitarfélaginu.

Sveitarfélagið er aðili að Heklunni – Atvinnuþróunarfélagi Suðurnesja. Á vettvangi félagsins er unnið að ýmsum atvinnuþróunarverkefnum fyrir landshlutann. Jafnframt er fylgst með þróun atvinnuleysis í landshlutanum og einstökum sveitarfélögum. Atvinnuleysi hefur farið vaxandi, m.a. í kjölfar falls flugfélagsins WOW sem og vegna afleiðinga kórónaveirufaraldursins 2020.

Þrátt fyrir mikla fjölgun íbúa í sveitarfélaginu, og þá sérstaklega í Vogum, hefur störfum ekki fjölgað í sama hlutfalli. Meginhluti þeirra íbúa sem flust hafa til Voga á undanföllum árum stunda sína atvinnu utan sveitarfélagsins, og þá sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu



3.3.4 Skólar

Einn grunnskóli, Stóru-Vogaskóli, er í sveitarfélaginu og er hann staðsettur í þéttbýlinu Vogum, sunnan Vogatjarnar. Fyrsti áfangi skólans var byggður í byrjun níunda áratugarins. Í upphafi var skólinn um 600 m² en árið 1998 var hann stækkaður í 1.340 m². Bætt var úr þörf á sérgreinastofum, vinnuáðstöðu kennara og sal ásamt eldhúsi. Bókasafn hreppsins og skólans voru sameinuð í viðbyggingunni. Byggt var við skólann árið 2005 þegar fjölnota salur (Tjarnarsalur) var byggður en við það tvöfaldaðist húsrými skólans. Skólinn er einsetinn og er boðið upp á gjaldfrjálsar skólamáltíðir.

Um 165 nemendur í 1.-10. bekk eru í skólanum, sem er heildstæður og einsetinn og starfsfólk tæplega 50. Ekið er með nemendur sem búsettir eru í dreifbýli á Vatnsleysuströnd í skólann.

Einn leikskóli er starfræktur í Sveitarfélaginu Vogum, heilsuleikskólinn Suðurvellir, og er hann staðsettur í þéttbýlinu Vogum. Þar eru þrjár deildir sem í eru um 60 börn á aldrinum eins til sex ára. Alls eru börn á leikskólaaldri 68. Í leikskólanum er unnið eftir heilsustefnu og mikil áhersla lögð á hreyfingu og hollt mataræði.

Sveitarfélagið starfrækir vinnuskóla á sumrin fyrir ungmenni í 8. til 10. bekk og fyrsta árs nemendur í framhaldsskóla.

Sveitarfélagið er auk þessa aðili að samstarfi milli ríkis og sveitarfélaga á suðurnesjum um rekstur Fjölbautarskóla Suðurnesja.

Sveitarfélagið er með samning við mennta- og lýðheilsusvið Hafnarfjarðar um sérfræðiaðstoð og gildir sá samningur til ágúst 2020 en þá tekur í gildi samningur við Suðurnesjabæ um þessa þjónustu.

3.3.5 Félagsmiðstöð

Félagsmiðstöðin Boran er opin fyrir börn og ungmenni í Sveitarfélaginu. Um er að ræða opnun fyrir börn í 5. – 7. bekk einu sinni í viku og þrisvar sinnum í viku, mánudaga, miðvikudaga og föstudaga fyrir ungmenni í 8. – 10. bekk. Um er að ræða kvöldopnanir fyrir unglingastigið og er markmið félagsmiðstöðvarinnar að hafa fjölbreytt úrval af afþreyingu og viðburða sem eru til þess fallin að auka vellíðan og félagslegan þroska ungmenna sveitarfélagsins. Félagsmiðstöðin er aðili að Samfés, samtökum félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi sem og SamSuð sem er sameiginlegur vettvangur allra þeirra sem starfa innan félagsmiðstöðva á Suðurnesjum.

3.3.6 Félagsleg þjónusta

Stefna sveitarfélagsins er að veita heildstæða og faglega félagsþjónustu sem sniðin er að þörfum hvers og eins, á grundvelli laga um félagsþjónustu. Markmiðið er að styðja við fjölskyldur og einstaklinga til sjálfshjálpar þannig að sérhver einstaklingur geti notið sín sem best.

Sveitarfélagið Vogar og Suðurnesjabær starfrækja sameiginlega nefnd, Fjölskyldu- og velferðarnefnd Suðurnesjabæjar og Voga, sem fer sameiginlega með hlutverk félagsmálanefnda og barnaverndarnefnda þessara sveitarfélaga.



3.3.7 Heilbrigðismál

Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í Reykjanesbæ sinnir heilsugæslu í Vogum. Móttaka heilsugæslulæknis er einu sinni í viku í Vogum, í Álfagerði að Akurgerði 25.

3.3.8 Kirkja – kirkjugarður

Kálfatjarnarkirkja er sóknarkirkja íbúa Sveitarfélagsins Voga. Hin fornfræga kirkja að Kálfatjörn, sem vígð var árið 1893 og er friðuð. Kirkjan er sannkölluð völundarsmíði og ein stærsta sveitakirkja á landinu. Kálfatjarnarkirkjan. Á Kálfatjörn er einnig kirkjugarður.

3.3.9 Íþrótt- og félagastarfsemi

Við Hafnargötu stendur 1.200 m² íþróttahús og æskulýðsmiðstöð sem tekin var í notkun í október 1993. Þetta mannvirki hefur verið mikil lyftistöng fyrir íþrótt- og félagslíf í Vogum. Auk íþróttasalar eru í húsinu líkamsræktarsalur og fjölnota salur fyrir margskonar félagastarf.

Á árunum 2006-2007 var íþróttamiðstöðin stækkuð. Í viðbyggingu eru nýir búningsklefar, þrektækjasalur og júdósalur. Stærð viðbyggingar er um 700 m² á tveimur hæðum.

Knattspyrnuvelli, sem rúma tvo velli að fullri stærð eru norðan við íþróttamiðstöðina. Við vellina að vestanverðu er áhorfendastúka. Gert er ráð fyrir að stækkun íþróttamiðstöðvarinnar muni einnig þjóna vellinum, s.s. búningsklefar, geymslur og þjálfara- og dómaraaðstaða.

Sunnan við íþróttahúsið er sundlaug sem er 16,6 x 8 m ásamt heitum potti, vaðlaug og sólbaðsaðstöðu. Umhverfi laugarinnar er mjög sérstakt, veggir hlaðnir grjóti sem mynda náttúrulegt umhverfi.

Nýr sparkvöllur er við Stóru-Vogaskóla, en hann var tekin í notkun á haustmánuðum 2005.

Fjöldmörg félög og félagasamtök eru í Vogum er þar fjölbreytt og blómleg félagastarfsemi. Meðal þeirra helstu eru Ungmennafélagið Þróttur, Golfklúbbur Vatnsleysustrandar, Björgunarsveitin Skyggfir, Minjafélagið, Lionsklúbburinn Keilir, Kvenfélagið Fjóla, Hestamannafélagið Máni, Skógræktarfélagið Skógfell o.fl.

3.4 Skipulagi frestað

Á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags kemur fram að skipulagi er frestað á um 240 km² svæði syðst í sveitarfélaginu. Þau sveitarfélagsmörk sem Sveitarfélagið Vogar telur vera rétt eru dregin eftir upplýsingum á landabréfum eiganda jarða á Vatnsleysuströnd.

Ástæða þess er óvissa um mörk milli Sveitarfélagsins Voga og Grindavíkur. Aðalskipulag Grindavíkur 2018-2032 sýnir landnotkun á umræddu 240 km² svæði sem Sveitarfélagið Vogar telur vera innan sinna marka. Í aðalskipulagi Grindavíkur kemur eftirfarandi fram: *Þann 18. febrúar 2011 dæmdi Héraðsdómur Reykjaness í máli nr. E-1893/2009 þar sem deilt var um landamerki milli jarða á Vatnsleysuströnd annars vegar og jarðanna Krísuvíkur og Hrauns í Grindavík hinsvegar. Í dómnum segir að óumdeilt sé að hreppamörk á svæðinu fylgi jarðamörkum. Niðurstaða dómsins er að landamerki milli jarðanna séu ekki þau sem miðað er við í aðalskipulagi Voga 2008-2028. Í*



aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030 er því miðað við landamerki eins og þau voru í eldra skipulagi og mörkin merkt óviss..

Þar sem umrætt svæði er sýnt á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulags Grindavíkur er um skörun á sveitarfélagsmörkum að ræða milli sveitarfélagana. Vegna þess er ekki mögulegt annað en að fresta skipulagi á umræddu svæði, þar til leyst hefur verið úr deilum um mörk sveitarfélaganna.

Á sveitarfélagsuppdrætti koma fram sveitarfélagsmörk eins og þau eru í Aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032, til skýringar.

Unnið er að samkomulagi um mörk eða, eftir atvikum þau eru í málferlum og verður skipulagsáætlunin uppfærð þegar niðurstaða liggur fyrir.

Allt svæðið þar sem skipulagi er frestað er skilgreint sem fjarsvæði vatnsverndar, V3.

Hluti svæðisins er innan Reykjanesfólkvangs sem er friðlýstur síðan 1975 og er friðlýst svæði sýnt á sveitarfélagsuppdrætti aðalskipulagsins. Sveitarfélagið Vogar er aðili að Reykjanesfólkvangi, en mörk fólvangsins eru dregin eftir sveitarfélagsmörkum Sveitarfélagsins Voga og Grindavíkur, eins og þau voru talin rétt þegar friðlýsing tók gildi. Vegna óvissu um sveitarfélagsmörk milli sveitarfélagana er eftirfarandi málsgrein í friðlýsingartexta:

„Vafi er talinn leika á hver séu mörk Grindavíkurkaupstaðar (Grindavíkur) og Vatnsleysustrandarhrepps (Sveitarfélagsins Voga). Þegar úr þessum vafa hefur verið skorið með samkomulagi eða dómi verða mörk fólvangsins færð til í samræmi við það“.

Þar sem ekki hefur verið útkljáð með mörk milli sveitarfélagana er hluti Reykjanesfólkvangs sýndur inn á sveitarfélagsuppdrætti Sveitarfélagsins Voga. Mörk Reykjanesfólkvangs eru sýnd eins og þau eru gefin út á stafrænu formi frá Umhverfisstofnun (UST).



4 Umhverfisskýrsla

Megintilgangur með umhverfisskýrslu aðalskipulagsins er að rökstyðja þá stefnu sveitarstjórnar sem fram kemur í aðalskipulagi. Í umhverfisskýrslu eru metin áhrif af stefnu aðalskipulagsins, til að hægt sé að lágmarka áhrif stefnunnar. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

Hér á eftir er greint frá hvernig áhrifaþættir eru hafðir að leiðarljósi og hvaða umhverfisþættir eru skoðaðir í tengslum við matið. Þá er skilgreining á því hvernig vægi áhrifa er metið, lagt mat á einstaka kosti og greint frá niðurstöðum.

4.1 Matsferli

Markmið laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 er að:

„Stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlanagerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða. Það skal gert með umhverfismati tiltekinn skipulags- og framkvæmdaáætlana stjórnvalda sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið.“ Samkvæmt 3. grein gilda lögin „um umhverfismat þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana og breytinga á þeim sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Skipulags- og framkvæmdaáætlanir skulu vera undirbúnar og/eða samþykktar af stjórnvöldum og unnar samkvæmt lögum eða ákvörðun ráðherra“.

Þá segir í 12. grein skipulagslaga nr. 123/2010 að:

Við gerð skipulagsáætlana skal gera grein fyrir áhrifum áætlunar og einstakra stefnumiða hennar á umhverfið, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma, og umhverfismati áætlunarinnar, ef við á. Þá skal jafnframt við gerð skipulagsáætlana hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

4.2. Áhrifaþættir

Í vinnu við mat á umhverfisáhrifum skal í fyrstu ákveða umfang og áherslur matsins. Horft er á hvaða stefnu í aðalskipulaginu er vert að meta m.t.t. umhverfisáhrifa, en þá eru þau atriði skoðuð sem talin eru hafa mest áhrif á umhverfið. Höfð er hliðsjón af leiðbeiningarskjali Skipulagsstofnunar við val á þeim umhverfisþáttum og viðmiðum sem lögð eru til grundvallar matinu. Skoðað er hvort stefnan sem sett er fram í aðalskipulaginu hafi í för með sér umtalsverðar breytingar frá núllkosti eða núverandi ástandi.

Í umhverfismatinu er fjallað um þá þætti aðalskipulagsins sem talið er að gætu valdið umhverfisáhrifum og þeir bornir saman við núverandi ástand eða núllkost, en í einhverjum tilfellum er fjallað um tvo valkosti og matið nýtt til þess að velja úr betri kostinn. Samlegðaráhrif og áhrif áætlunarinnar í heild sinni eru einnig metin. Matsvinnan var unnin samhliða annarri aðalskipulagsvinnu og tók stefnumótunin mið af niðurstöðu matsins.

Breytingar sem helst hafa orðið á stefnu um landnotkun sem aðalskipulagsvinnan felur í sér eru bornar saman við núllkost, sem ýmist getur verið skilgreindur sem núverandi ástand eða stefna fyrra aðalskipulags.



Eftirfarandi áhrifaþættir eru metnir í umhverfismati aðalskipulags:

- Ný íbúðarsvæði í og við þéttbýlið í Vogum
- Hraðlest meðfram Reykjanesbraut
- Göngu- og hjólastígur í gegnum sveitarfélagið
- Hverfisvernd á ströndin frá Vogum að landamörkum Hafnarfjarðar
- Háspennulínan Suðurnesjalína 2 innan sveitarfélagsins

4.3. Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru þeir mælikvarðar sem stefna aðalskipulagsins er borin saman við, til að geta tekið afstöðu til þess hvort viðkomandi stefna sé talin hafa æskileg eða óæskileg áhrif.

Áhrif af stefnu aðalskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin, m.a. eftir því hvort þau eru talin óveruleg, jákvæð, neikvæð eða hvort áhrifin séu óljós. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfisþætti skv. fyrirbyggjandi gögnum.

Eftirtalin viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og alþjóðlegum skuldbindingum eru lögð til grundvallar við matið:

- Landsskipulagsstefna 2015-2026.
 - Sjá kafla 10.2 í greinargerð um stefnumörkun.
- Svæðisskipulag Suðurnesja 2008-2024.
- Lög um umhverfismat áætlana (105/2006).
 - 1. gr. Að stuðla að sjálfbærri þróun og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt að stuðla að því að við áætlunargerð sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða.
- Lög um mat á umhverfisáhrifum (106/2000).
- Lög um menningarminjar nr. 80/2012.
 - Tilgangur laga þessara skv. 1. gr. er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.
 - Þá kveða lögin á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 3. gr. laganna. Þar segir einnig að til fornleifa teljist „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða manna verk eru á“.
 - Samkvæmt 29. gr. laganna eru öll hús og mannvirki sem eru eldri en 100 ára friðuð. Í 30. gr. laganna segir að eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits Minjastofnunar Íslands. Í 31. gr. segir að óheimilt sé að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar.
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013.
 - Markmið laganna skv. 1. gr. er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Lögini miða jafnframt að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða.



- Jarðalög nr. 81/2004.
 - Markmið skv. 1. gr. er að setja reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það og stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.
- Náttúruminjaskrá.
- Reglugerð um hávaða nr. 724/2008.
- Reglugerð um loftgæði nr. 391/2013.
- Reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 901/2015.
- Skipulagslög nr. 123/2010.
- Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
 - Gr. 1. Þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi.
 - Stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
- Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi.
- Samgönguáætlun 2019 - 2033 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2019 - 2023.
- Aðgerðaráætlun í loftlagsmálum 2018-2030.
- Kerfisáætlun Landsnets 2018-2027.

4.4. Umhverfispættir

Umhverfispáttur er tiltekinn þáttur sem talinn er geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem mótuð er í aðalskipulaginu. Eftirfarandi eru umhverfispættir sem tekið verður tillit til við mat á stefnu aðalskipulagsins og taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmd stefnu þess.

- Samfélagsleg og hagræn áhrif
 - Horft er til áhrifa á samfélagið í heild og hvort framkvæmd skipulagsins komi til með að styrkja byggð á svæðinu.
- Verndarsvæði og minjar
 - Metið hvort minjum og verndarsvæðum stafi hættu af stefnu skipulagsins eða hvort áhrif skipulagsins hafi jákvæð áhrif á þessa umhverfispætti.
- Náttúrufarslegir þættir
 - Hvaða áhrif hefur stefna skipulagsins á þætti eins og jarðmyndanir, gróðurfar, dýralíf, landslag og sjónræn áhrif.
- Heilsa og öryggi
 - Metið er hvort stefna aðalskipulagsins hefur áhrif á heilsu og öryggi íbúa og ferðamanna.



4.5 Mat á umhverfispáttum

Nýtt aðalskipulag er að miklu leyti uppfærð skipulagsáætlun í samræmi við ný skipulagslög nr. 123/2010 og nýja skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Á fundum stýrihóps aðalskipulags var fjallað um mögulega landnotkun í sveitarfélaginu, hvaða valkostir gætu komið til greina og kostir þeirra og gallar metnir. Niðurstaða þessarar vinnu var svo nýtt til að marka ákjósanlega stefnu um landnotkun í sveitarfélaginu þar sem tekið er tillit til og reynt að draga úr neikvæðum áhrifum eins og kostur er.

4.6 Greining umhverfisáhrifa

Við greiningu hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök sem skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfispátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við eftirfarandi skilgreiningar á vægi:

- **(+) Jákvæð áhrif á umhverfispátt.**
 - *Stefna aðalskipulagsins styður viðmið viðkomandi umhverfispátta.*
- **(0) Óveruleg áhrif á umhverfispátt.**
 - *Stefna aðalskipulagsins hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfispátt.*
- **(-) Neikvæð áhrif á umhverfispátt.**
 - *Stefna aðalskipulagsins vinnur gegn viðmiðum viðkomandi umhverfispátta.*
- **(?) Óviss áhrif á umhverfispátt.**
 - *Stefna aðalskipulagsins hefur óviss áhrif á viðkomandi umhverfispátt.*

4.2 Umhverfismat

Í eftirfarandi undirköflum er farið yfir helstu þætti aðalskipulagsins sem talið er að geti valdið umhverfisáhrifum á jákvæðan eða neikvæðan hátt, út frá viðmiðum sem fjallað er um í kafla 4.2.


4.2.1 Ný íbúðarsvæði í og við þéttbýlið í Vogum

Þéttbýlis- og þjónustukjarni sveitarfélagsins er í Vogum og stefnt er á að byggja og efla þéttbýlið enn frekar, m.a. með nægu framboði íbúðarlóða. Þess utan er aðeins skipulagt svæði fyrir íbúðarbyggð í Brunnastaðahverfi skammt norðan við þéttbýlið í Vogum.

Gera má ráð fyrir að íbúafjölgun verði fyrst og fremst á skilgreindum íbúðarsvæðum í þéttbýliskjarnanum Vogum og er í aðalskipulagi gert ráð fyrir nokkrum nýjum íbúðarsvæðum í þéttbýlinu.

Hér að neðan má sjá skilgreind íbúðarsvæði innan þéttbýlisins í Vogum.





Samfélagsleg og hagræn áhrif

Til að renna styrkari stoðum undir rekstur Sveitarfélagsins Voga er æskilegt að fjölga íbúum þessa nokkuð. Með því að fjölga úr 1.300 íbúum í 2.500 - 3.000 íbúa verður sveitarfélagið við kjörstærð og hagkvæm rekstrareining.

Þegar litið er til íþróttaiðkunar barna er ljóst að stærð samfélagsins hefur að vissu leyti bundið hendur íþróttafélaganna í sveitarfélaginu hvað varðar vöxt og framboð á íþróttum fyrir börn. Fjöldi barna einkum á efri stigum miðstigs og unglingastigi stunda nú íþróttir utan sveitarfélagsins þar sem ekki næst nægileg þátttaka til að manna lið innanbæjar. Með auknum íbúafjölda yrði styrkari stoðum rennt undir íþróttastarf þannig að börn og ungmenni gætu lagt stund á fjölbreyttar íþróttir í sínum heimabæ.

Út frá skipulagslegum sjónarmiðum og uppbyggingu íþróttamannvirkja eru möguleikar til langrar framtíðar töluverðir á núverandi íþróttasvæði í þéttbýlinu. Öflugt íþróttalíf eykur samkeppnishæfni sveitarfélagsins og gerir það að vænni búsetukosti.

Þá er sú stefna að efla núverandi þéttbýliskjarna í samræmi við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 þar sem áhersla er lögð á að byggja frekar upp og þetta núverandi byggðarkjarna frekar en að byggja upp nýja kjarna.

Að framansögðu er áhrif nýrra íbúðarsvæða í og við þéttbýlið í Vogum talin jákvæð á umhverfispáttinn *samfélag og hagræn áhrif*.



Verndarsvæði og minjar

Fyrirhuguð ný íbúðarsvæði í og við þéttbýlið í Vogum eru ekki á skilgreindum verndarsvæðum og skv. minjaskráningu er mjög takmarkað af minjum á svæðunum. Nokkrir minjastaðir eru á íbúðarsvæði norðan Voga (ÍB-3) en svæðið er óbreytt frá gildandi aðalskipulagi og deiliskipulag er í gildi fyrir íbúðarsvæðið. Vegna þessa eru áhrif nýrra íbúðarsvæða í og við þéttbýlið í Vogum talin óveruleg á umhverfispáttinn *verndarsvæði og minjar*.

Náttúrufarslegir þættir

Ný íbúðarsvæði norðan og austan núverandi þéttbýlis eru á hálfgrónu hraunsvæði Þráinsskjaldarhrauns en slík hraunsvæði njóta verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Íbúðarsvæðin eru ekki frábrugðin aðliggjandi víðáttumiklum svæðum norðan og sunnan Reykjanesbrautar og því eru áhrif á *jarðmyndanir* ekki talin veruleg en eru þó óljós og fara eftir útfærslu í deiliskipulagi.

Gróðurfar er fábreytt á svæðinu og dýralíf takmarkað og þau áhrif á þá þætti talin takmörkuð. *Landslag og ásjón* verður ekki mjög frábrugðin því sem nú er því svæðin liggja að núverandi byggð sem mun þó útvíkka næstu 20 árin með fjölgun íbúa og íbúðarbyggðar.

Heilsa og öryggi

Ekki er talið að áhrif uppbyggingar íbúðarbyggðar hafi nokkur áhrif á umhverfispáttinn *heilsu og öryggi*.

Valkostir

Nýr kjarni íbúðarbyggðar á Vatnsleysuströnd. Sá valkostur er metinn að byggja frekar upp kjarna íbúðarbyggðar á Vatnsleysuströnd í stað þess að þetta byggð í og við núverandi þéttbýliskjarna í Vogum.

Neikvæð *samfélagsleg og hagræn áhrif* þar sem hagur er í því að styrkja núverandi þéttbýliskjarna og stað þess að dreifa byggð um sveitarfélagið. Með tvíkjarna sveitarfélagi er líklegt að samkeppni verði á milli kjarnana auk þess sem þjónustustig verður að öllum líkindum lægra en með einum stærri kjarna. Að byggja upp nýjan íbúðarkjarna í sveitarfélaginu er einnig í ósamræmi við Landsskipulagsstefnu 2015-2026 þar sem áhersla er lögð á að byggja frekar upp og þetta núverandi byggðarkjarna.

Möguleg neikvæð áhrif íbúðarkjarna á Vatnsleysuströnd á *verndarsvæði og minjar* eru þar sem stór svæði á ströndinni eru undir hverfisvernd auk þess sem mikið er um minjastaði á Vatnsleysuströnd.

Einnig eru möguleg neikvæð *sjónræn áhrif og áhrif á landslag* þar sem á ströndinni er verðmætt búsetulandslag sem uppbyggingar íbúðarsvæðis hefði áhrif á.

Áhrif á *heilsu og öryggi* eru talin óveruleg en þess má geta að á lágsvæðum eins og á Vatnsleysuströnd eru þeir skilmálar settir að gólfkóti þarf að vera a.m.k. 5,2 m.y.s.

Samantekt og niðurstaða

Samantekt og niðurstöðu umhverfisáhrifa á áhrifapáttinn *ný íbúðarsvæði í og við þéttbýlið í Vogum* má sjá hér að neðan.




Umhverfispættir	Ný íbúðarsvæði í og við þéttbýlið í Vogum			Ný íbúðarsvæði á Vatnsleysuströnd	
Samfélagsleg og hagræn áhrif	+			-	
Verndarsvæði og minjar	0			0	-
Náttúrufarslegir þættir	0		?	0	-
Heilsa og öryggi	0			0	
Niðurstaða	+	0	?	0	-

4.2.2 Hraðlest meðfram Reykjanesbraut

Gert er ráð fyrir þeim möguleika að hraðlest fari í gegnum sveitarfélagið, á leið sinni frá höfuðborgarsvæðinu að Keflavíkurflugvelli. Hraðlestin mun liggja samsíða og meðfram Reykjanesbraut sunnanverðri.

Hér að neðan má sjá hraðlest meðfram Reykjanesbraut í Sveitarfélaginu Vogum.



Samfélagsleg og hagræn áhrif

Þar sem hraðlest mun að mestu þjóna ferðamönnum sem eru að fara á milli höfuðborgarsvæðisins og Keflavíkurflugvallar eru *samfélagsleg og hagræn áhrif* innan sveitarfélagsins talin óveruleg, en geta talist jákvæð í stærra samhengi með vistvænni ferðamáta í stað bílaumferðar.

Verndarsvæði og minjar

Óveruleg áhrif á *verndarsvæði og minjar* því gert er ráð fyrir að hraðlesin verði samhliða Reykjanesbrautinni, utan verndarsvæða og svæða það sem minjar eru.

Náttúrufarslegir þættir

Óveruleg áhrif á *náttúrufarslega þætti* því gert er ráð fyrir að hraðlesin verði samhliða Reykjanesbrautinni og að mestu utan svæða með jarðmyndunum en þó er mögulegt óveruleg áhrif verðu á hraunsvæði. Áhrif á *landslag og sjónræn áhrif* eru talin óveruleg þar sem hraðlestin er meðfram Reykjanesbraut þar sem umferð er mikil.

Heilsa og öryggi

Jákvæð áhrif eru talin á *heilsu og öryggi* þar sem gera má ráð fyrir minni bílaumferð með minni mengun og slyshættu. Þessi áhrif eru þó ekki talin verulega jákvæð þar sem Reykjanesbraut er tvöföld innan sveitarfélagsins er slyshætta ekki talin jafn mikil og ef brautin væri 1+1 vegur.

Valkostir

Aðeins núllkostur eða núverandi ástand var til samanburðar.

Líklega eykst umferð um Reykjanesbraut en þar sem brautin er tvöföld innan sveitarfélagsins er slyshætta ekki talin mjög mikil þó umferð muni aukast, en þó eru áhrif á umhverfispáttinn *öryggi* talin einhver. Áhrif á aðra umhverfispætti eru talin óveruleg á núverandi ástand.

Samantekt og niðurstaða

Samantekt og niðurstöðu umhverfisáhrifa á áhrifaþáttinn *hraðlest meðfram Reykjanesbraut* má sjá hér að neðan.

Umhverfispættir	Hraðlest meðfram Reykjanesbraut		Núllkostur / núverandi ástand	
Samfélagsleg og hagræn áhrif	0		0	
Verndarsvæði og minjar	0		0	
Náttúrufarslegir þættir	0		0	
Heilsa og öryggi	+	0	0	-
Niðurstaða	+	0	0	-


4.2.3 Göngu- og hjólastígur í gegnum sveitarfélagið

Gert er ráð fyrir göngu- og hjólastíg frá gatnamótum Reykjanesbrautar og Grindarvíkurvegjar og þaðan inn á Vogastapa og áfram að og í gegnum þéttbýlið í Vogum. Gert er ráð fyrir að göngu- og hjólastígur haldi áfram meðfram Vatnsleysustrandarvegi að Minni-Vatnsleysuvegi. Þaðan verður



stígurinn meðfram gamla Vatnsleysustrandarveginum að Reykjanesbraut og meðfram henni að mislægum gatnamótum við Hvassahraun, og tengist þaðan inn í Hafnarfjörð.

Hér að neðan má sjá göngu- og hjólastíga í Sveitarfélaginu Vogum.



Samfélagsleg og hagræn áhrif

Göngu- og hjólastígur eru talin hafa jákvæð *samfélagsleg og hagræn áhrif* þar sem áhersla í samfélaginu er á vistvæna samgöngumáta og að bæta aðstöðu fyrir umferð gangandi og hjólandi. Með því að hafa göngu- og hjólastíg frá sveitarfélagamörkum við Reykjanesbæ að sveitarfélagamörkum Hafnarfjörð er verið að skapa vistvæna tengingu samgangna við aðliggjandi sveitarfélög. Þar sem göngu- og hjólastígurinn verður meðfram Vatnsleysustrandarvegi eru *samfélagsleg áhrif* hans einnig talin jákvæð því stígurinn mun tengja byggðina meðfram Vatnsleysuströndinni við þéttbýlið í Vogum með vistvænum samgöngumáta.

Verndarsvæði og minjar

Göngu- og hjólastígur er ekki talin hafa áhrif á *verndarsvæði eða minjar* þar sem stígurinn er að mestu meðfram núverandi vegum eða á aflögðum vegum og ekki eða að mjög takmörkuðu leyti á verndarsvæðum eða á minjasvæðum.



Náttúrufarslegir þættir

Göngu- og hjólastígur er ekki talin hafa áhrif á náttúrufarslega þætti þar sem stígarnir eru að mestu meðfram núverandi vegum eða á aflögðum vegum og hafa því ekki áhrif á náttúrufarslega þætti.

Heilsa og öryggi

Göngu- og hjólastígur er talin hafa jákvæð áhrif á öryggi þar sem mikils fjölda vegfarenda mun aukast til muna við það að hafa umferð gangandi og hjólandi á sérstökum stíg í stað þess að vera á þjóðvegum sveitarfélagsins eins og nú er. Þá eru áhrif á heilsu talin jákvæð því gera má ráð fyrir að göngu- og hjólastígur muni stuðla að aukinni hreyfingu íbúa sveitarfélagsins og annarra.

Valkostir

Sá valkostur er til skoðunar að hafa göngu- og hjólastígur í gegnum sveitarfélagið meðfram Reykjanesbraut auk þess að hafa núverandi ástand til samanburðar.

Að hafa göngu- og hjólastíginn meðfram Reykjanesbraut hefur þau mögulegu neikvæðu samfélagslegu áhrif að sá stígur nýtist íbúum sveitarfélagsins mjög takmarkað til ferða innan sveitarfélagsins. Þá hefur stígur meðfram Reykjanesbraut möguleg nokkur neikvæð áhrif á heilsu og öryggi vegna hávaða frá akandi umferð auk þess sem veðurfar er talið verra með meðfram Reykjanesbraut en á Vatnsleysuströnd. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru talin óveruleg.

Áhrif núverandi ástands með engum göngu- og hjólastíg er talið hafa neikvæð samfélagsleg áhrif á gangandi og hjólandi vegfarendur sem við núverandi aðstæður þurfa að vera á vegum á ferð sinni innan sveitarfélagsins sem veldur því að færri kjósa slíka ferðamála. Neikvæð áhrif núverandi ástands eru einnig talið vera á umferðaröryggi þar sem aðstaða gangandi og hjólandi vegfarenda til að komast um sveitarfélagið og á milli sveitarfélaga er aðeins á vegum í sveitarfélaginu.

Samantekt og niðurstaða

Samantekt og niðurstöðu umhverfisáhrifa á áhrifabáttinn göngu- og hjólastígur í gegnum sveitarfélagið má sjá hér að neðan.

Umhverfisþættir	Göngu- og hjólastígur á Vatnsleysuströnd		Göngu- og hjólastígur meðfram Reykjanesbraut		Núllkostur / núverandi ástand	
Samfélagsleg og hagræn áhrif	+		0	-	-	
Verndarsvæði og minjar	0		0		0	
Náttúrufarslegir þættir	0		0	-	0	
Heilsa og öryggi	+		0		-	
Niðurstaða	+	0	0	-	0	-


4.2.4 Hverfisvernd á ströndin frá Vogum að landamörkum Hafnarfjarðar

Um er að ræða svæði sem nær frá Búðatjörn (Mýrarhústjörn) í suðri (norðan þéttbýlis í Vogum) að landamörkum við Hafnarfjörð í norðri, að undanskildu svæðinu á milli Flekkuvíkur og



frístundabyggðar í Hvassahrauni. Um er að ræða allt að 200 m breitt belti frá strönd en þar sem búsetulandslag er var reynt að afmarka hverfisvernd við það. Einnig fellur undir þennan flokk standsvæðið sunnan þéttbýlis. Svæðið nær yfir Síkistjarnir og Kristjánstanga, að athafnasvæði við Vogavík. Á svæðinu er takmörkuð heimild til nýbygginga en með því er m.a. stefnt á að vernda einstakt búsetulandslag.

Hér að neðan má sjá hverfisverndarsvæði meðfram Vatnsleysuströnd í Sveitarfélaginu Vogum.



Samfélagsleg og hagræn áhrif

Mögulegt er að með skilmálum um takmörkun nýbygginga á Vatnsleysuströndinni styrkist þéttbýliskjarninn í Vogum en þess utan eru *samfélagsleg áhrif* talin óveruleg.

Verndarsvæði og minjar

Hverfisverndarsvæðið mun hafa jákvæð áhrif á *verndarsvæði og minjar* því fjöldi minja og verndarsvæði sem falla innan svæðisins fá auka vernd skv. ákvæðum hverfisverndar.

Náttúrufarslegir þættir

Hverfisverndarsvæðið mun hafa jákvæð áhrif á *náttúrufarslega þætti* vegna takmörkunar nýbygginga og verndunar búsetulandslags sem er skv. ákvæðum hverfisverndar. Meðal náttúrufarslegra þátta sem verða fyrir jákvæðum áhrifum eru *gróðurfar, dýralíf og landslag*.



Heilsa og öryggi

Ekki er talið að áhrif hverfisverndar á ströndinni hafi áhrif á umhverfispáttinn *heilsu og öryggi*.

Valkostir

Aðeins núllkostur eða núverandi ástand var til samanburðar.

Ef ekki kemur til framfylgdar aðalskipulagsins er talið að áhrif á umhverfispáttina *verndarsvæði og minjar* ásamt *náttúrufari* verði neikvæð þar sem hverfisverndarákvæði munu ekki gilda um tjarnir og búsetulandslag. Áhrif á *heilsu og öryggi* ásamt *samfélagslegum og hagrænum* áhrifum eru talin óveruleg.

Samantekt og niðurstaða

Samantekt og niðurstöðu umhverfisáhrifa á áhrifapáttinn *hverfisvernd á ströndin frá Vogum að landamörkum Hafnarfjarðar* má sjá hér að neðan.

Umhverfispættir	Hverfisvernd á ströndinni		Núllkostur / núverandi ástand	
Samfélagsleg og hagræn áhrif	+	0	0	
Verndarsvæði og minjar	+		-	
Náttúrufarslegir þættir	+		-	
Heilsa og öryggi	0		0	
Niðurstaða	+	0	0	-


4.2.5 Háspennulínan Suðurnesjalína 2 innan sveitarfélagsins

Stefna Sveitarfélagsins Voga er að Suðurnesjalína 2 verði jarðstrengur sem er að mestu meðfram Reykjanesbraut. Við sveitarfélagsmörk við Hafnarfjörð er gert ráð fyrir að jarðstrengurinn liggi meðfram Suðurnesjalínu 1 en beygi svo til norðurs og liggur að Reykjanesbraut við gatnamót við Hvassahraunsveg. Þaðan liggur háspennustrengurinn meðfram Reykjanesbraut þar til skammt vestan við gatnamót við Grindavíkurveg þar sem jarðstrengurinn flyst að Suðurnesjalínu 1 og fylgir henni að sveitarfélagsmörkum við Reykjanesbæ.

Mat á áhrifum jarðstrengs meðfram Reykjanesbraut er unnin út frá niðurstöðu þess valkostar í matsskýrslu Landsnets um Suðurnesjalínu 2 milli Hafnarfjarðar og Rauðamels í landi Grindavíkur frá árinu 2019.

Hér að neðan má sjá háspennulínur í Sveitarfélaginu Vogum.





Samfélagsleg og hagræn áhrif

Talið er að áhrif jarðstrengs muni hafa jákvæð áhrif á atvinnuþróun þar sem aðgengi að raforku er einn af grundvallarþáttum í atvinnuuppbyggingu á Reykjanesi og þar á meðal í Sveitarfélaginu Vogum. Þess utan eru *samfélagsleg og hagræn* áhrif talin óveruleg.

Talið er að áhrif Suðurnesjalínu 2 sem jarðstrengs muni hafa jákvæð eða óveruleg *samfélagsleg og hagræn* áhrif.

Verndarsvæði og minjar

Jarðstrengurinn er talin munu hafa óveruleg áhrif á *verndarsvæði og minjar* meðfram Reykjanesbraut og Suðurnesjalínu 1. Strengurinn liggur nærri jarðmyndunum á náttúruminjaskrá (Hvassahraunskötlum) en þær eru þó ekki talda í hættu vegna framkvæmda. Ítarleg skráning fornleifa hefur ekki farið fram á þeirri 1,2 km leið þar sem strengurinn liggur frá Reykjanesbraut að Suðurnesjalínu 1 og því eru þau áhrif talin óljós.

Talið er að áhrif Suðurnesjalínu 2 sem jarðstrengs muni hafa óveruleg eða óljós áhrif á *verndarsvæði og minjar*.

Náttúrufarslegir þættir

Jarðstrengurinn er að mestu á þegar röskuðu og fremur gróðursnauðu hraunsvæði meðfram Reykjanesbraut, en raskaða svæðið mun þó breikka að einhverju leyti. Þar sem jarðstrengurinn fer



á milli Suðurnesjalínu 1 og Reykjanesbrautar fer hann um óraskað svæði á um 1,2 km langri leið. Um er að ræða hraunsvæði með fremur hátt verndargildi en nokkuð gróið svæði (að mestu kjarrskógavist).

Þar sem jarðstrengurinn fer frá Reykjanesbraut að Suðurnesjalínu 1 á um 1,2 km langa leið má búast við rask verði áberandi og hafi staðbundin áhrif á ásjón svæðis og lykileinkenni þess.

Talið er að áhrif Suðurnesjalínu 2 sem jarðstrengs muni hafa fremur neikvæð áhrif á *náttúrufarslega þætti*.

Heilsa og öryggi

Frá jarðstreng kemur ekkert rafsvið eða hávaði af rafrænum uppruna, aðeins segulsvið. Vegna þess hve segulsvið frá jarðstrengnum er á þröngu bili yfir honum, hefur það nær engin áhrif á segulsvið nærri byggð eða öðrum viðkvæmum svæðum.

Talið er að áhrif Suðurnesjalínu 2 sem jarðstrengs muni hafa óveruleg áhrif á *heilsu og öryggi*.

Valkostir

Háspennulína í lofti meðfram Suðurnesjalínu 1.

Talið er að áhrif háspennulínu muni hafa sömu jákvæðu *hagrænu og samfélagsalegu áhrif* (á atvinnuþróun) og jarðstengur þar sem aðgengi að raforku er einn af grundvallarþáttum í atvinnuuppbyggingu á Reykjanesi og þar á meðal í Sveitarfélaginu Vogum.

Áhrif á *verndarsvæði og minjar* eru talin óveruleg þar sem háspennulínan mun fylgja núverandi háspennulínu að mestu og ekki hafa áhrif á verndarsvæði og minjastaði.

Áhrif á *náttúrufarslega þætti* eru talin neikvæð vegna verndargildis hrauna og jarðminja (og varanleika þeirra áhrifa) á línuleiðinn og sérstaklega á mastrastæðum. Áhrif á gróður eru talin neikvæð á kjarrskógavist, sem hefur hátt verndargildi, auk þess sem birkiskógur nýtur sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Áhrif á fuglalíf eru talin óveruleg eða neikvæð vegna áflugshættu þar sem um er að ræða loftlínu.

Sjónræn áhrif og áhrif á landslag eru talin neikvæð þar sem um er að ræða loftlínu á háum möstrum sem eru mjög sýnileg.

Áhrif á *heilsu og öryggi* eru talin óveruleg þar sem hljóðvist og rafsegulssvið þar sem áhrif fara aldrei yfir viðmið

Núllkostur / núverandi ástand

Núverandi ástand er talið hafa óveruleg áhrif á alla umhverfisþætti fyrir utan neikvæð áhrif á *samfélag og hagræna þætti* umhverfisins þar sem núverandi línur anna ekki framtíðareftirspurn eftir raforku á svæðinu og leita verður því annarra leiða til að útvega raforku.

Samantekt og niðurstaða

Samantekt og niðurstöðu umhverfisáhrifa á áhrifapáttinn *háspennulínan Suðurnesjalína 2 innan sveitarfélagsins* má sjá hér að neðan.



Umhverfisþættir	Háspennulína í jörð		Háspennulína í lofti		Núllkostur
Samfélagsleg og hagræn áhrif	+	0	+	0	-
Verndarsvæði og minjar	0	?	0		0
Náttúrufarslegir þættir	-		-		0
Heilsa og öryggi	0		0		0
Niðurstaða	+	0	-	?	-

4.3 Samlegðaráhrif, samantekt og niðurstaða

Umhverfisáhrif Aðalskipulags Sveitarfélagsins Voga 2020-2040 eru þegar á heildina er litið talin óveruleg eða jákvæð en óvissa er um einhver atriði.

Samantekt og niðurstöðu umhverfisáhrifa aðalskipulagsins má sjá hér að neðan ásamt samanburð við áhrif núll kosts eða núverandi ástands.

Umhverfisþættir	Stefna aðalskipulagsins				Núllkostur			
Samfélagsleg og hagræn áhrif	+		0		0	-		
Verndarsvæði og minjar	+	0		?	0		-	
Náttúrufarslegir þættir	+	0	-	?	+	0	-	?
Heilsa og öryggi	+	0		?	+		0	

4.4 Vöktunaráætlun

Ekki er talin þörf á sérstökum viðbúnaði eða mótvægisaðgerðum vegna framfylgdar aðalskipulagsins. Lögboðnir eftirlitsaðilar fylgjast með ákveðnum þáttum umhverfisins eins og lög gera ráð fyrir. Heilbrigðiseftirlitið og Umhverfisstofnun fylgjast einnig með þeirri starfsemi sem er starfsleyfis skyld og starfsemi sem haft getur neikvæð áhrif á umhverfi sitt.

4.5 Matsskyldar framkvæmdir

Mats- og tilkynningarskyldar framkvæmdir skv. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. eru eftirfarandi í tillögu að Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2020-2040.

- Hraðlest meðfram Reykjanesbraut
- Háspennulínan Suðurnesjalína 2 sem jarðstrengur innan sveitarfélagsins

